

**2005 nr. 52 18. maí****Lög um gæðamat á æðardúni**

Tóku gildi 30. maí 2005. Breytt með: L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **matvælaráðherra** eða **matvælaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

Lög þessi gilda um íslenskan æðardún og gæðamat á honum.

**■ 2. gr.**

Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun. Áður en að dreifingu á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna

með vottorði þeirra þar að lútandi.

**■ 3. gr.**

[Ráðuneytið]<sup>1)</sup> gefur út leyfi til handa dúnmatsmönnum til starfa á þeim stöðum sem það telur þörf á að fengnum til lögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna. Dúnmatsmenn skulu undirrita eiðstaf áður en þeir taka til starfa. Kostnaður af störfum þeirra greiðist af matsbeiðanda í samræmi við gjaldskrá sem ráðuneytið staðfestir.

Nánar er kveðið á um framkvæmd laganna, starfsskyldur og hæfniskröfur dúnmatsmanna í reglugerð.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 403. gr. <sup>2)</sup> Rg. 350/2011.

**■ 4. gr.**

Brot á lögum þessum varða sektum . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

**■ 5. gr.**

Lög þessi taka gildi þegar í stað. . .